

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Róbertsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

20. desember 2017
UST201710-185/R.K.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hornafjarðar 2012 - 2030 - breytingar

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitafélagsins Hornafjarðar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingin felst í skilgreiningu á íþróttasvæðum, sem er samhliða unnið að með nýjum deiliskipulagstillögum, og enduropnun efnistökusvæðis í Fjánhúsvík.

Í greinagerðinni kemur fram að breytingartillaga aðalskipulags felur í sér breytta landnotkun þriggja svæða. Um ræðir skotæfingasvæði við Grjótbrú, sem er skilgreint sem lanbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi en sem íþróttasvæði ÍP6 í tillögu. Einnig er um að ræða færslu á moto-cross svæði norður að Flóðhólum. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi skipulagi en í tillögu er það skilgreint sem íþróttasvæði ÍP3. Færslan felur í sér frágang á eldra svæði sem, samkvæmt breytingartillögu aðalskipulags, fær skilgreininguna opið svæði. Að lokum felur aðalskipulagsbreyting í sér opnun á áður nýttu efnistökusvæði í Fjánhúsvík, þar sem áætlað heildarmagn efnistöku er 49.990 m³ og fellur undir flokk C í 1. viðauka tl. 2.04 skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í gildandi aðalskipulagi er efnistökusvæðið á mörkum svæða skilgreind sem athafnasvæði og landbúnaðarsvæði.

Moto-cross og skotæfingasvæði

Deiliskipulagstillögur moto-cross svæðis og skotæfingasvæðis liggja fyrir samhliða breytingu á aðalskipulagi og mun Umhverfisstofnun veita sér umsagnir um þær tillögur. Skilmálar um hljóðmanir og opnunartíma skulu koma fram í deiliskipulagstillögum.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um frágang eldra moto-cross svæðis þannig að það falli aftur að umhverfi sínu með sáningu staðargróðurs.

Skipulagssvæði efnistöku

Í greinagerð kemur fram að efnistökusvæðið í Fjánhúsvík, staðsett norðaustan við íbúabyggð, hefur áður verði nýtt til grjótnáms í nokkurn tíma en var fellt úr aðalskipulagi

við síðustu endurskoðun. Svæðið stendur opið og ófrágengið og í greinagerð er það skilgreint sem efnistöku og efnislosunarsvæði E86. Umhverfisstofnun telur að koma þurfi skýrt fram í nýju aðalskipulagi og deiliskipulagi hvort áætlanir eru um að losa efni í námuna og ef svo er hvaða efni um ræðir og í hvaða magni.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að eftir frágang efnistökusvæðis að landið beri sem minnst merki um námuvinnslna. Við notkun sprenginga í grjótnámum er hætt á að við lok efnistöku sé landslag námu í óeðlilegu formi sem ekki fellur vel að nálægu landslagi. Telur stofnunin að æskilegt sé að huga að landformi námu við síðustu sprengingu svo aðlaga megi landið vel að nærliggjandi umhverfi við frágang svæðis.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að við jaðra efnistökusvæðisins eru vistgerðir sem skilgreindar eru með hátt og mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakroti Náttúrufræðastofnun Íslands (2016). Það eru annars vegar gulstarflóavist, starungsmýravist, víðikjarrvist, runnamýravist á láglandi með mjög hátt verndargildi, og hins vegar grasmóavist og língresis- og vingulvist með hátt verndargildi. Aðrar vistgerðir á svæðinu eru tún- og akurlendi eða hafa miðlungs-lágt verndargildi. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að halda öllu raski í jöðrum athafnasvæðis í lágmarki við framkvæmdir og rekstur til að takmarka neikvæð áhrif á ofangreindar vistgerðir eins og kostur er.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi nýtingu námunnar þar sem um ræðið svæði þar sem áhrifa gætir nú þegar. Stofnunin tekur undir áætlun um frágang svæðis þannig að það falli aftur að umhverfi sínu og bendir á vefinn namur.is varðandi upplýsingar um efnistöku og frágang efnistökusvæða.


Fyrirhugaðar framkvæmdir eru nálægt Skarðsfirði sem er á náttúruminjaskrá. Tekið er fram í greinagerð aðalskipulagsbreytingar að staðsetning moto-cross svæðis og efnistökusvæðis verði ekki nær sjó en 50 m til að tryggja verndun Skarðsfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt korti virðast mörk þessara svæða liggja nær ströndu en 50 m.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við breytingatillöguna.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur